

**REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 659/1999**

frá 22. mars 1999

**um ítarlegar reglur um beitingu 93. gr. EB-sáttmálans**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 94. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(2)</sup>,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(3)</sup>,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Reglugerð þessi gildir um aðstoð í öllum geirum með fyrirvara um sérstakar reglur um málsmeðferð sem mælt er fyrir um í reglugerðum sem gilda um tiltekna geira. Að því er varðar beitingu 77. og 92. gr. sáttmálans hefur framkvæmdastjórnin sérstakar heimildir samkvæmt 93. gr. til að skera úr um hvort ríkisaðstoð samrýmist hinum sameiginlega markaði þegar hún tekur yfirstandandi aðstoð til endurskoðunar, tekur ákvarðanir um nýja eða breytta aðstoð og grípur til aðgerða vegna þess að ákvörðunum hennar er ekki hlítt eða tilkynningaskyldu er ekki sinnt.
- 2) Framkvæmdastjórnin hefur, í samræmi við fordæmi dómstóls Evrópubandalaganna, mótað og komið á ákveðinni venju þegar beita á 93. gr. sáttmálans og hefur mælt fyrir um tiltekna reglur um málsmeðferð og meginreglur í fjölda orðsendinga. Til að tryggja árangursríka og skilvirka málsmeðferð samkvæmt 93. gr. sáttmálans er rétt að kerfisbinda og renna stöðum undir fyrirnefnda venju með setningu reglugerðar.
- 3) Reglugerð um málsmeðferð, sem fjallar um beitingu 93. gr. sáttmálans, mun auka gagnsæi og réttaröryggi.
- 4) Í því skyni að tryggja réttaröryggi er rétt að skilgreina þær aðstæður sem ráða því að aðstoð er talin vera yfirstandandi aðstoð. Tilkoma og efling innri markaðarins verður í áföngum og endurspeglast í

stöðugri þróun stefnunnar í málefnum ríkisaðstoðar. Afleiðing þessarar þróunar getur verið sú að tiltekna ráðstafanir, sem voru ekki taldar ríkisaðstoð þegar þær komu til framkvæmda, kunni síðan að hafa orðið að ríkisaðstoð.

- 5) Í samræmi við 3. mgr. 93. gr. sáttmálans ber að tilkynna framkvæmdastjórninni um öll áform um að veita nýja aðstoð en eigi ber að hrinda slíkum áformum í framkvæmd fyrr en framkvæmdastjórnin hefur veitt leyfi til þess.
- 6) Aðildarríkjunum ber skylda til, í samræmi við 5. gr. sáttmálans, að vinna með framkvæmdastjórninni og veita henni allar nauðsynlegar upplýsingar til að gera henni kleift að sinna skyldum sínum samkvæmt þessari reglugerð.
- 7) Frestur, sem framkvæmdastjórnin hefur til að ljúka forathugun á tilkynntri aðstoð, skal vera tveir mánuðir eftir viðtöku fullfrágenginnar tilkynningar eða eftir viðtöku tilhlýðilega rökstuddrar yfirlýsingar viðkomandi aðildarríkis þess efnis að það telji tilkynninguna fullfrágengna af þeirri ástæðu að viðbótarupplýsingarnar, sem framkvæmdastjórnin óskaði eftir, séu ekki tiltækar eða hafi þegar verið látnar í té. Til að tryggja réttaröryggi ber að ljúka fyrirnefndri athugun með ákvörðun.
- 8) Í öllum tilvikum, þar sem framkvæmdastjórnin getur ekki staðfest, í framhaldi af forathuguninni, að aðstoð samrýmist hinum innri markaði, ber að hefja formlega rannsókn í því skyni að gera framkvæmdastjórninni kleift að safna saman öllum nauðsynlegum upplýsingum svo að hún sé í stakk búin til þess að meta samræmi aðstoðarinnar og til þess að gefa þeim, sem eiga hagsmuna að gæta, tækifæri til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Unnt er að tryggja réttindi hagsmunaaðila á sem bestan hátt innan ramma þeirrar formlegu rannsóknar sem kveðið er á um í 2. mgr. 93. gr. sáttmálans.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB C 116, 16. 4. 1998, bls. 13.<sup>(2)</sup> Álitum var skilað 14. janúar 1999 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).<sup>(3)</sup> Stjtið. EB C 284, 14. 9. 1998, bls. 10.

- 9) Framkvæmdastjórninni ber, eftir að hafa fjallað um athugasemdirnar sem hagsmunaaðilar hafa lagt fram, að ljúka athugun sinni með lokaákvörðun um leið og efasemdum hefur verið eytt. Sé athuginninn ólokið 18 mánuðum eftir að málsmeðferð var hafin er rétt að hlutaðeigandi aðildarríki eigi þess kost að óska eftir því að framkvæmdastjórnin taki ákvörðun innan tveggja mánaða.
- 10) Til að tryggja að reglum um ríkisaðstoð sé beitt með réttum og skilvirkum hætti skal framkvæmdastjórnin eiga þess kost að afturkalla ákvörðun sem var byggð á röngum upplýsingum.
- 11) Í því skyni að tryggja að ákvæðum 93. gr. sáttmálans sé hlítt, einkum ákvæðum um tilkynningarskyldu og stöðvun í 3. mgr. 93. gr., ber framkvæmdastjórninni að kanna öll tilvik þar sem um ólöglega aðstoð er að ræða. Af ástæðum er varða gagnsæi og réttaröryggi ber að mæla fyrir um reglur um málsmeðferð sem fylgja skal í slíkum tilvikum. Virði aðildarríki ekki tilkynningarskylduna eða stöðvunarákvæðið er framkvæmdastjórnin óbundin af frestum.
- 12) Ef um ólöglega aðstoð er að ræða ber framkvæmdastjórninni réttur til að afla allra nauðsynlegra upplýsinga sem gera henni kleift að taka ákvörðun og koma tafarlaust aftur á, þar sem það á við, ótruflaðri samkeppni. Því er rétt að gera framkvæmdastjórninni kleift að samþykka bráðabirgðaráðstafanir gagnvart hlutaðeigandi aðildarríki. Þessar tímabundnu ráðstafanir geta verið fyrirmæli um að veita upplýsingar, fyrirmæli um stöðvun aðstoðar og fyrirmæli um endurgreiðslu aðstoðar. Sé fyrirmælum um að veita upplýsingar ekki hlítt skal framkvæmdastjórninni gert kleift að taka ákvörðun, sem byggist á fyrirliggjandi upplýsingum, og ef fyrirmælum um stöðvun eða endurgreiðslu er ekki hlítt skal hún eiga þess kost að vísa málinu beint til dómstólsins í samræmi við annan undirlíð 2. mgr. 93. gr. sáttmálans.
- 13) Ef um er að ræða ólöglega aðstoð sem samrýmist ekki hinum sameiginlega markaði ber að koma aftur á virkri samkeppni. Í þessu skyni er nauðsynlegt að aðstoðin sé endurgreidd án tafar með vöxtum. Rétt er að endurgreiðsla fari fram í samræmi við málsmeðferð samkvæmt ákvæðum innlendra laga. Beiting slíkrar málsmeðferðar á ekki að koma í veg fyrir, með því að hindra að ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar sé hrundið í framkvæmd án tafar og með skilvirkum hætti, að virkri samkeppni sé aftur komið á. Til þess að svo megi verða ber aðildarríkjunum að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nái fram að ganga.
- 14) Til að tryggja réttaröryggi er rétt að ákvarða 10 ára fyrningarfrest að því er varðar ólöglega aðstoð, þannig að ekki sé unnt að gera kröfu um endurgreiðslu eftir að hann er útrunninn.
- 15) Misnotkun aðstoðar kann að hafa áhrif á starfsemi innri markaðarins sem eru svipaðs eðlis og áhrif ólöglegar aðstoðar og því ber að bregðast við slíkri misnotkun eins og um ólöglega aðstoð sé að ræða. Ólíkt ólöglegri aðstoð er aðstoð, sem hugsanlega hefur verið misnotuð, aðstoð sem framkvæmdastjórnin hefur áður samþykkt. Því skal framkvæmdastjórninni óheimilt að beita fyrirmælum um endurgreiðslu þegar um misnotkun aðstoðar er að ræða.
- 16) Rétt er að skilgreina alla þá kosti sem þriðju aðilar eiga til að verja hagsmuni sína í málarekstri vegna ríkisaðstoðar.
- 17) Framkvæmdastjórninni er skylt, í samræmi við 1. mgr. 93. gr. sáttmálans, að fylgjast stöðugt með skipulagi allra yfirstandandi aðstoðarkerfa í samvinnu við aðildarríkin. Vegna gagnsæis og réttaröryggis er rétt að tilgreina umfang samvinnu samkvæmt þeirri grein.
- 18) Í því skyni að tryggja að samræmi ríki milli yfirstandandi aðstoðarkerfa og innri markaðarins og í samræmi við 1. mgr. 93. gr. sáttmálans ber framkvæmdastjórninni að gera viðeigandi tillögur um nauðsynlegar ráðstafanir, ef yfirstandandi aðstoðarkerfi samrýmist ekki eða samrýmist ekki lengur hinum innri markaði, og hefja málsmeðferðina sem kveðið er á um í 2. mgr. 93. gr. sáttmálans neiti hlutaðeigandi aðildarríki að gera þær ráðstafanir sem eru lagðar til.
- 19) Til þess að gera framkvæmdastjórninni kleift að hafa skilvirkt eftirlit með því hvort ákvörðunum hennar sé hlítt og stuðla að samstarfi framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna um stöðuga endurskoðun allra yfirstandandi áætlana um aðstoð í aðildarríkjunum í samræmi við 1. mgr. 93. gr. sáttmálans er nauðsynlegt að samþykka almenna kvöð um skýrslugjöf um allar yfirstandandi áætlanir um aðstoð.
- 20) Hafi framkvæmdastjórnin miklar efasemdir um að ákvörðunum hennar sé hlítt skal hún eiga þess kost að grípa til frekari úrræða sem gera henni kleift að afla nauðsynlegra upplýsinga til þess að sannreyna hvort ákvörðunum hennar sé hlítt með skilvirkum hætti. Eftirlitsvitjanir á vettvangi eru viðeigandi og nothæft úrræði, einkum í þeim tilvikum þar sem aðstoð kann að hafa verið misnotuð. Því ber að heimila framkvæmdastjórninni að fara í eftirlitsvitjanir á vettvangi og skal hún njóta samvinnu við lögbær yfirvöld í þeim aðildarríkjunum þar sem fyrirtæki er andvíg slíkri vitjun.

- 21) Vegna gagnsæis og réttaröryggis er rétt að upplýsa almenning um ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar um leið og sú meginregla er virt að ákvörðunum í málum, sem tengjast ríkisaðstoð, sé beint til hlutaðeigandi aðildarríkis. Því er rétt að birta allar ákvarðanir sem kynnu að hafa áhrif á hagsmuni hagsmunaaðila, annaðhvort í heild eða sem samantekt, eða gera hagsmunaaðilum kleift að nálgast eintök af slíkum ákvörðunum hafi þær ekki verið birtar eða ekki verið birtar í heild. Framkvæmdastjórninni ber, þegar hún veitir almenningi upplýsingar um ákvarðanir sínar, að virða reglur um þagnarskyldu í samræmi við 214. gr. sáttmálans.
- 22) Framkvæmdastjórnin skal, í náinni samvinnu við aðildarríkin, vera í stakk búin til að samþykkja framkvæmdarákvæði þar sem settar eru ítarlegar reglur um málsmeðferðina í þessari reglugerð. Í því skyni að stuðla að samvinnu framkvæmdastjórnarinnar og lögbærra yfirvalda í aðildarríkjunum er rétt að stofna ráðgjafarnefnd um ríkisaðstoð sem ber að hafa samráð við áður en framkvæmdastjórnin samþykkir ákvæði samkvæmt þessari reglugerð.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

##### I. KAFLI

##### ALMENNT

##### 1. gr.

##### Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „aðstoð“: allar ráðstafanir sem samræmast viðmiðunum sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 92. gr. sáttmálans;
- b) „yfirstandandi aðstoð“:
- með fyrirvara um 144. og 172. gr. laganna um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, öll aðstoð sem var hafin fyrir gildistöku sáttmálans í viðkomandi aðildarríkjum, það er aðstoðarkerfi og stök aðstoð sem hafin var áður en sáttmálinn öðlaðist gildi og er enn veitt;
  - heimiluð aðstoð, það er aðstoðarkerfi og stök aðstoð sem framkvæmdastjórnin eða ráðið hafa heimilað;
  - aðstoð sem telst hafa verið heimiluð samkvæmt 6. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar eða fyrir

gildistöku hennar en í samræmi við þessa málsmeðferð

- aðstoð sem telst vera yfirstandandi aðstoð skv. 15. gr.;
- aðstoð sem telst vera yfirstandandi aðstoð vegna þess að unnt er að sýna fram á að þegar hún kom til framkvæmda hafi hún ekki talist aðstoð heldur hafi hún orðið að aðstoð síðar vegna þróunar sameiginlega markaðarins, án breytinga af hálfu aðildarríkisins. Þegar tiltekna ráðstafanir verða að aðstoð í kjölfar þess að frelsi er aukið í atvinnugrein með bandalagslögum skulu þær ráðstafanir ekki teljast vera yfirstandandi aðstoð eftir þann dag sem frelsi er aukið;
- „ný aðstoð“: öll aðstoð, það er aðstoðarkerfi og stök aðstoð, sem er ekki yfirstandandi aðstoð, þar með taldar breytingar á yfirstandandi aðstoð;
- „aðstoðarkerfi“: sérhver gerð sem leggja má, án frekari framkvæmdarráðstafana, til grundvallar því að veita fyrirtækjum sem í gerðinni eru skilgreind á almennan og óhlutbundinn hátt, staka aðstoð og sérhver gerð sem leggja má til grundvallar því að veita einu eða fleiri fyrirtækjum staka aðstoð, sem er ekki bundin sérstöku verkefni, í ótiltekinn tíma og/eða sem nemur ótiltekinni fjárhæð;
- „stök aðstoð“: aðstoð sem er ekki veitt á grundvelli aðstoðarkerfis og tilkynningaskyld veiting aðstoðar sem er byggð á aðstoðarkerfi;
- „ólögleg aðstoð“: ný aðstoð sem veitt er andstætt ákvæðum 3. mgr. 93. gr. sáttmálans;
- „misnotkun aðstoðar“: aðstoð sem þiggjandinn notar andstætt ákvörðun sem er tekin skv. 3. mgr. 4. gr. eða 3. eða 4. mgr. 7. gr. þessarar reglugerðar;
- „hagsmunaaðili“: aðildarríki og einstaklingar, fyrirtæki eða samtök fyrirtækja sem eiga hagsmuna að gæta og veiting aðstoðar gæti haft áhrif á, einkum þiggjandi aðstoðarinnar, fyrirtæki í samkeppni og atvinnugreina-samtök.

##### II. KAFLI

##### MÁLSMEÐFERÐ VIÐVÍKJANDI TILKYNNTRI AÐSTOÐ

##### 2. gr.

##### Tilkynning um nýja aðstoð

- Ef ekki er kveðið á um annað í reglugerðum sem eru gefnar út samkvæmt 94. gr. sáttmálans eða öðrum viðeigandi ákvæðum hans ber hlutaðeigandi aðildarríki að tilkynna

framkvæmdastjórninni tímanlega um öll áform um að veita nýja aðstoð. Framkvæmdastjórninni ber að tilkynna hlutaðeigandi aðildarríki án tafar um viðtöku tilkynningar.

2. Í tilkynningu hlutaðeigandi aðildarríkis skulu koma fram allar nauðsynlegar upplýsingar til þess að framkvæmdastjórnin geti tekið ákvörðun skv. 4. og 7. gr. (hér á eftir nefnd „fullnægjandi tilkynning“).

3. gr.

### Stöðvunarákvæði

Tilkynningaskyld aðstoð skv. 1. mgr. 2. gr. skal ekki koma til framkvæmda fyrr en framkvæmdastjórnin hefur tekið, eða telst hafa tekið, ákvörðun um að leyfa slíka aðstoð.

4. gr.

### Forathugun á tilkynningu og ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar

1. Framkvæmdastjórnin skal taka tilkynninguna til athugunar strax eftir viðtöku hennar. Framkvæmdastjórninni ber að taka ákvörðun skv. 2., 3. eða 4. mgr. sbr. þó 8. gr.

2. Komist framkvæmdastjórnin að raun um, að lokinni forathugun, að í tilkynntri ráðstöfun felist ekki aðstoð skal hún skrá þá niðurstöðu í ákvörðun.

3. Komist framkvæmdastjórnin að raun um, að lokinni forathugun, að enginn vafi leiki á að tilkynnt ráðstöfun samrýmist hinum sameiginlega markaði, að því marki sem hún fellur undir gildissvið 1. mgr. 92. gr. sáttmálans, skal hún ákvarða að ráðstöfunin samrýmist hinum sameiginlega markaði (hér á eftir nefnd „ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum“). Í tilkynningunni skal tilgreina hvaða undanþáguákvæði sáttmálans hafi verið beitt.

4. Komist framkvæmdastjórnin að raun um, að lokinni forathugun, að vafi leiki á að tilkynnt ráðstöfun samrýmist hinum sameiginlega markaði skal hún ákvarða að hefja málsmeðferð skv. 2. mgr. 93. gr. sáttmálans (hér á eftir nefnd „ákvörðun um að hefja formlega rannsókn“).

5. Ákvarðanirnar, sem um getur í 2., 3. og 4. mgr., skulu teknar innan tveggja mánaða. Fresturinn hefst daginn eftir viðtöku fullnægjandi tilkynningar. Tilkynningin verður talin fullnægjandi komi ekki beiðni frá framkvæmdastjórninni um viðbótarupplýsingar innan tveggja mánaða frá viðtöku hennar eða frá viðtöku viðbótarupplýsinga sem farið er fram á. Unnt er að framlengja frestinn ef bæði framkvæmdastjórnin og hlutaðeigandi aðildarríki eru því samþykkt. Framkvæmdastjórninni er heimilt að ákvarða skemmri frest þar sem það á við.

6. Hafi framkvæmdastjórnin ekki tekið ákvörðun í samræmi við 2., 3. eða 4. mgr. innan þess frests sem mælt er fyrir um í 5. mgr. skal líta svo á að framkvæmdastjórnin hafi heimilað aðstoðina. Hlutaðeigandi aðildarríki er að svo búnu heimilt að gera þær ráðstafanir, sem um ræðir, eftir að hafa tilkynnt framkvæmdastjórninni um það áður, nema framkvæmdastjórnin taki ákvörðun samkvæmt þessari grein innan 15 virkra daga frá viðtöku tilkynningarinnar.

5. gr.

### Beiðni um upplýsingar

1. Telji framkvæmdastjórnin að upplýsingar, sem hlutaðeigandi aðildarríki veitir um ráðstöfun sem tilkynnt er um skv. 2. gr., séu ófullnægjandi skal hún leggja fram beiðni um allar nauðsynlegar viðbótarupplýsingar. Þegar aðildarríki svarar slíkri beiðni ber framkvæmdastjórninni að tilkynna því um viðtöku svarsins.

2. Veiti hlutaðeigandi aðildarríki ekki umbeðnar upplýsingar innan þess frests sem framkvæmdastjórnin hefur mælt fyrir um eða veiti það ófullnægjandi upplýsingar skal framkvæmdastjórnin senda ítrekun þar sem gefinn er hæfilegur viðbótarfrestur til þess að veita upplýsingarnar.

3. Líta ber svo á að tilkynningin hafi verið dregin til baka séu umbeðnar upplýsingar ekki veittar innan tilskilins frests, nema sá frestur hafi, áður en hann rann út, annaðhvort verið framlengdur með samþykki bæði framkvæmdastjórnarinnar og hlutaðeigandi aðildarríkis eða hlutaðeigandi aðildarríki hafi tilkynnt framkvæmdastjórninni, með tilhlýðilega rökstuddri yfirlýsingu, að það telji tilkynninguna fullnægjandi af þeirri ástæðu að umbeðnar viðbótarupplýsingar séu ekki tiltækar eða hafi þegar verið veittar. Í því tilviki skal fresturinn, sem um getur í 5. mgr. 4. gr., hefjast daginn eftir viðtöku yfirlýsingarinnar. Sé litið svo á að tilkynningin hafi verið dregin til baka ber framkvæmdastjórninni að tilkynna aðildarríkinu um það.

6. gr.

### Formleg rannsókn

1. Í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn skal vera samantekt um þau atriði, sem máli skipta að lögum og í reynd, bráðabirgðamat framkvæmdastjórnarinnar á því hvort fyrirhuguð ráðstöfun sé í eðli sínu aðstoð og þar skulu raktar þær efasemdir sem eru uppi um að hún samrýmist hinum sameiginlega markaði. Í ákvörðuninni skal hvetja hlutaðeigandi aðildarríki og aðra hagsmunaaðila til þess að gera athugasemdir innan tiltekins frests sem að öllu jöfnu skal ekki vera lengri en einn mánuður. Framkvæmdastjórninni er heimilt að framlengja þennan frest í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum.

2. Senda skal hlutaðeigandi EFTA-ríki þær athugasemdir sem berast. Fari hagsmunaaðili fram á að hlutaðeigandi aðildarríki fái ekki vitneskju um hver hann er, vegna þess að það kunni að skaða hann, skal orðið við þeirri ósk. Hlutaðeigandi aðildarríki má svara athugasemdunum sem berast innan tiltekins frests sem skal að öllu jöfnu ekki vera lengri en einn mánuður. Framkvæmdastjórninni er heimilt að framlengja þennan frest í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum.

7. gr.

### Ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar um að ljúka formlegri rannsókn

1. Formlegri rannsókn ber að ljúka með ákvörðun eins og kveðið er á um í 2. til 5. mgr. þessarar greinar, sbr. þó 8. gr.

2. Komist framkvæmdastjórnin að raun um að í tilkynntri ráðstöfun felist ekki aðstoð eftir að hlutaðeigandi aðildarríki hefur, eftir atvikum, gert breytingu á henni, ber henni að skrá þá niðurstöðu í ákvörðun.

3. Komist framkvæmdastjórnin að raun um að ekki leiki lengur vafi á að tilkynnt ráðstöfun samrýmist hinum sameiginlega markaði, eftir að hlutaðeigandi aðildarríki hefur, eftir atvikum, gert breytingu á henni, skal hún ákvarða að aðstoðin samrýmist hinum sameiginlega markaði (hér á eftir nefnd „jákvæð ákvörðun“). Í ákvörðuninni skal tilgreina hvaða undanþáguákvæði sáttmálans hafi verið beitt.

4. Framkvæmdastjórninni er heimilt að binda jákvæða ákvörðun skilyrðum sem uppfylla þarf til að aðstoð geti talist samrýmast hinum sameiginlega markaði og hún getur mælt fyrir um kvaðir til þess að unnt sé að fylgjast með því að ákvörðuninni sé hlítt (hér á eftir nefnd „skilyrt ákvörðun“).

5. Komist framkvæmdastjórnin að raun um að tilkynnt aðstoð samrýmist ekki hinum sameiginlega markaði skal hún ákvarða að aðstoðin komi ekki til framkvæmda (hér á eftir nefnd „neikvæð ákvörðun“).

6. Ákvarðanir, sem eru teknar samkvæmt 2., 3., 4. og 5. mgr., skal taka undir eins og vafanum, sem um getur í 4. mgr. 4. gr., hefur verið eytt. Framkvæmdastjórnin skal leggja allt kapp á að samþykkja ákvörðun innan 18 mánaða frá því að málsmeðferð hefst. Unnt er að framlengja frestinn ef bæði framkvæmdastjórnin og hlutaðeigandi aðildarríki eru því samþykk.

7. Eftir að fresturinn, sem um getur í 6. mgr., er liðinn og fari hlutaðeigandi aðildarríki fram á það ber framkvæmdastjórninni að taka ákvörðun, innan tveggja mánaða, sem byggist á fyrirliggjandi upplýsingum.

Framkvæmdastjórninni ber, eftir atvikum, að taka neikvæða ákvörðun ef veittar upplýsingar nægja ekki til þess að sýna fram á að aðstoðin samrýmist hinum sameiginlega markaði.

8. gr.

### Tilkynning dregin til baka

1. Hlutaðeigandi aðildarríki er heimilt að draga til baka tilkynningu í skilningi 2. gr. í tæka tíð áður en framkvæmdastjórnin hefur tekið ákvörðun skv. 4. eða 7. gr.

2. Þegar framkvæmdastjórnin hefur hafið formlega rannsókn skal hún ljúka þeirri rannsókn.

9. gr.

### Afturköllun ákvörðunar

Framkvæmdastjórninni er heimilt að afturkalla ákvörðun, sem er tekin skv. 2. eða 3. mgr. 4. gr. eða 2., 3. og 4. mgr. 7. gr., eftir að hafa gefið hlutaðeigandi aðildarríki tækifæri til þess að koma athugasemdum sínum á framfæri, hafi ákvörðunin verið byggð á röngum upplýsingum sem voru veittar meðan rannsókn stóð yfir og höfðu úrslitaáhrif á að ákvörðunin var tekin. Framkvæmdastjórninni ber, áður en hún afturkallar ákvörðun og tekur nýja, að hefja formlega rannsókn skv. 4. mgr. 4. gr. Ákvæði 6., 7. og 10. gr., 1. mgr. 11. gr. og 13., 14. og 15. gr. gilda að breyttu breytanda.

### III. KAFLI

#### MÁLSMEDFERÐ VEGNA ÓLÖGLEGRAR AÐSTOÐAR

10. gr.

#### Athugun, beiðni um upplýsingar og fyrirmæli um að veita upplýsingar

1. Hafi framkvæmdastjórnin í fórum sínum upplýsingar um meinta ólöglega aðstoð skal hún athuga þessar upplýsingar án tafar, óháð því hvaðan þær eru komnar.

2. Ef nauðsyn krefur skal hún óska eftir upplýsingum frá hlutaðeigandi aðildarríki. Ákvæði 2. mgr. 2. gr. og 1. og 2. mgr. 5. gr. gilda að breyttu breytanda.

3. Ef hlutaðeigandi aðildarríki veitir ekki, þrátt fyrir ítrekun skv. 2. mgr. 5. gr., umbeðnar upplýsingar innan þess frests sem framkvæmdastjórnin hefur mælt fyrir um eða veitir ófullnægjandi upplýsingar skal framkvæmdastjórnin fara fram á það með ákvörðun að upplýsingarnar séu veittar (hér á eftir nefnd „fyrirmæli um að veita upplýsingar“). Í ákvörðuninni skal koma fram hvaða upplýsinga er krafist og mæla fyrir um viðeigandi frest til þess að veita þær.

## 11. gr.

**Fyrirmæli um stöðvun eða bráðabirgðaendurgreiðslu aðstoðar**

1. Framkvæmdastjórninni er heimilt, eftir að hafa gefið hlutaðeigandi aðildarríki tækifæri til þess að koma athugasemdum sínum á framfæri, að samþykkja ákvörðun þar sem þess er krafist að aðildarríkið stöðvi alla ólöglega aðstoð uns framkvæmdastjórnin hefur tekið ákvörðun um hvort aðstoðin samrýmist hinum sameiginlega markaði (hér á eftir nefnd „fyrirmæli um stöðvun“).

2. Framkvæmdastjórninni er heimilt, eftir að hafa gefið hlutaðeigandi aðildarríki tækifæri til þess að koma athugasemdum sínum á framfæri, að samþykkja ákvörðun þar sem þess er krafist að aðildarríkinu sé endurgreidd til bráðabirgða öll ólögleg aðstoð uns framkvæmdastjórnin hefur tekið ákvörðun um hvort aðstoðin samrýmist hinum sameiginlega markaði (hér á eftir nefnd „fyrirmæli um endurgreiðslu“), að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

- samkvæmt viðtekinni venju leiki enginn vafi á því að viðkomandi ráðstöfun sé í eðli sínu aðstoð,
- brýnt sé að grípa til aðgerða, og
- veruleg hættu sé á að samkeppnisaðili verði fyrir umtalsverðum og óbætanlegum skaða.

Endurgreiðsla skal fara fram í samræmi við málsmeðferðina í 2. og 3. mgr. 14. gr. Eftir að aðstoðin hefur verið endurgreidd ber framkvæmdastjórninni að taka ákvörðun innan þeirra tímamarka sem gilda um tilkynnta aðstoð.

Framkvæmdastjórnin getur heimilað aðildarríkinu að tengja endurgreiðslu aðstoðarinnar greiðslu björgunaraðstoðar til hlutaðeigandi fyrirtækis.

Ákvæði þessarar málsgreinar gilda einungis um ólöglega aðstoð sem kemur til framkvæmda eftir að reglugerð þessi öðlast gildi.

## 12. gr.

**Fyrirmælum í ákvörðunum ekki hlítt**

Hlíti aðildarríkið ekki fyrirmælum um stöðvun eða endurgreiðslu hefur framkvæmdastjórnin, samtímis því að láta fara fram athugun á efnisatriðum málsins á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga, rétt til að vísa málinu beint til dómstóls Evrópubandalaganna og fara fram á yfirlýsingu þess efnis að misbrestur á því að hlíta fyrirmælunum feli í sér brot á ákvæðum sáttmálans.

## 13. gr.

**Ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar**

1. Athugun á aðstoð, sem hugsanlega er ólögleg, skal ljúka með ákvörðun skv. 2., 3. eða 4. mgr. 4. gr. Ef um er að ræða ákvarðanir um að hefja formlega rannsókn skal rannsókninni ljúka með ákvörðun skv. 7. gr. Hlíti aðildarríki ekki fyrirmælum um að veita upplýsingar ber að taka ákvörðunina á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga.

2. Ef um er að ræða aðstoð, sem hugsanlega er ólögleg, og með fyrirvara um 2. mgr. 11. gr. skal framkvæmdastjórnin óbundin af frestinum sem um getur í 5. mgr. 4. gr. og í 6. og 7. mgr. 7. gr.

3. Ákvæði 9. gr. gilda að breyttu breytanda.

## 14. gr.

**Endurgreiðsla aðstoðar**

1. Ef neikvæðar ákvarðanir eru teknar þegar um ólöglega aðstoð er að ræða skal framkvæmdastjórnin ákveða að hlutaðeigandi aðildarríki skuli gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að þiggjandi aðstoðar endurgreiði hana (hér á eftir nefnd „ákvörðun um endurgreiðslu“). Framkvæmdastjórnin skal ekki krefjast endurgreiðslu aðstoðar ef það stríðir gegn einhverju grundvallaratriði í bandalagslögum.

2. Aðstoðin, sem ber að endurgreiða samkvæmt ákvörðun um endurgreiðslu, skal endurgreidd með hæfilegum vöxtum sem framkvæmdastjórnin ákveður. Greiða ber vexti frá þeim degi að þiggjandinn fékk hina ólöglegu aðstoð til umráða og fram til þess dags að hún er endurgreidd.

3. Með fyrirvara um úrskurði dómstóls Evrópubandalaganna skv. 185. gr. sáttmálans skal endurgreiðsla fara fram án tafar og í samræmi við fyrirmæli laga hlutaðeigandi aðildarríkis, að því tilskildu að þau heimili tafarlausa og skilvirka framkvæmd ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar. Til að svo megi verða og þegar um er að ræða mál fyrir innlendum dómstólum skulu hlutaðeigandi aðildarríki gera allar nauðsynlegar ráðstafanir, meðal annars bráðabirgðaráðstafanir, sem réttarkerfi hvers og eins heimila, sbr. þó ákvæði bandalagslaga.

## 15. gr.

**Fyrningarfrestur**

1. Tíu ára fyrningarfrestur skal gilda um heimildir framkvæmdastjórnarinnar til þess að láta endurgreiða aðstoð.

2. Fyrningarfrestur hefst daginn sem hin ólöglega aðstoð er veitt þiggjanda, annaðhvort sem stök aðstoð eða aðstoð samkvæmt aðstoðarkerfi.

Sérhver aðgerð af hálfu framkvæmdastjórnarinnar eða aðildarríkis, sem aðhefst að beiðni framkvæmdastjórnarinnar vegna ólöglegar aðstoðar, rýfur fyrningarfrestinn. Í hvert sinn, sem fyrningarfrestur er rofinn, hefst jafnlangur frestur að nýju. Rjúfa ber fyrningarfrestinn á meðan ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar er til meðferðar fyrir dómstóli Evrópubandalaganna.

3. Sé fyrningarfrestur vegna aðstoðar útrunninn skal líta svo á að um yfirstandandi aðstoð sé að ræða.

#### IV. KAFLI

##### MÁLSMEDFERÐ VEGNA MISNOTKUNAR AÐSTOÐAR

###### 16. gr.

##### Misnotkun aðstoðar

Þegar um misnotkun aðstoðar er að ræða er framkvæmdastjórninni heimilt, með fyrirvara um 23. gr., að hefja formlega rannsókn skv. 4. mgr. 4. gr. Ákvæði 6., 7., 9. og 10. gr., 1. mgr. 11. gr. og 12., 13., 14. og 15. gr. gilda að breyttu breytanda.

#### V. KAFLI

##### MÁLSMEDFERÐ VEGNA YFIRSTANDANDI AÐSTOÐARKERFA

###### 17. gr.

##### Samvinna samkvæmt 1. mgr. 93. gr. sáttmálans

1. Framkvæmdastjórnin skal afla allra nauðsynlegra upplýsinga frá hlutaðeigandi aðildarríki vegna endurskoðunar yfirstandandi aðstoðarkerfa sem fer fram í samvinnu við aðildarríkið skv. 1. mgr. 93. gr. sáttmálans.

2. Telji framkvæmdastjórnin að yfirstandandi aðstoðarkerfi samrýmist ekki eða samrýmist ekki lengur hinum sameiginlega markaði ber henni að tilkynna hlutaðeigandi aðildarríki um bráðabirgðaálit sitt og gefa því kost á að koma athugasemdum sínum á framfæri innan eins mánaðar. Framkvæmdastjórninni er heimilt að framlengja þennan frest í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum.

###### 18. gr.

##### Tillaga um viðeigandi ráðstafanir

Komist framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu, í ljósi upplýsinga sem aðildarríkið hefur látið í té skv. 17. gr., að yfirstandandi aðstoðarkerfi samrýmist ekki eða samrýmist ekki lengur hinum sameiginlega markaði skal hún gefa út tilmæli til hlutaðeigandi aðildarríkis þar sem hún gerir

tillögur um viðeigandi ráðstafanir. Í tilmælunum geta einkum falist eftirfarandi tillögur:

a) að gerðar skuli verulegar breytingar á aðstoðarkerfinu,

eða

b) að settar verði fram kröfur um málsmeðferð,

eða

c) að aðstoðarkerfið skuli fellt niður.

###### 19. gr.

##### Lagalegar afleiðingar tillögu um viðeigandi ráðstafanir

1. Ef hlutaðeigandi aðildarríki samþykkir fyrirhugaðar ráðstafanir og tilkynnir framkvæmdastjórninni það skal hún bóka þá niðurstöðu og tilkynna aðildarríkinu um það. Aðildarríkið er bundið af samþykki sínu um framkvæmd viðeigandi ráðstafana.

2. Ef hlutaðeigandi aðildarríki samþykkir ekki fyrirhugaðar ráðstafanir og framkvæmdastjórnin telur enn, að teknu tilliti til röksemdafærslu hlutaðeigandi aðildarríkis, að ráðstafanirnar séu nauðsynlegar skal hún hefja málsmeðferð skv. 4. mgr. 4. gr. Ákvæði 6., 7. og 9. gr. gilda að breyttu breytanda.

#### VI. KAFLI

##### HAGSMUNAAÐILAR

###### 20. gr.

##### Réttur hagsmunaaðila

1. Öllum hagsmunaaðilum er heimilt að gera athugasemdir skv. 6. gr. í kjölfar ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar um að hefja formlega rannsókn. Senda ber öllum hagsmunaaðilum, sem hafa gert slíkar athugasemdir, og þiggjendum stakrar aðstoðar afrit af ákvörðuninni sem framkvæmdastjórnin hefur tekið skv. 7. gr.

2. Öllum hagsmunaaðilum er heimilt að gera framkvæmdastjórninni viðvart um meinta ólöglega aðstoð og meinta misnotkun aðstoðar. Telji framkvæmdastjórnin, á grundvelli þeirra upplýsinga sem hún hefur í fórum sínum, að ekki séu nægilegar ástæður til að taka málið til athugunar ber henni að tilkynna hagsmunaaðilanum um það. Taki framkvæmdastjórnin ákvörðun í máli, sem varðar efnisatriði upplýsinganna sem hafa verið veittar, ber henni að senda hagsmunaaðilanum afrit af þeirri ákvörðun.

3. Ef hagsmunaaðilar óska þess skulu þeir fá afrit af öllum ákvörðunum, sem teknar eru skv. 4. og 7. gr., 3. mgr. 10. gr. og 11. gr.

## VII. KAFLI

## EFTIRLIT

21. gr.

## Ársskýrslur

1. Aðildarríkin skulu afhenda framkvæmdastjórninni ársskýrslur um öll yfirstandandi aðstoðarkerfi sem engar sérstakar kvaðir um skýrslugjöf hafa verið samþykktar um í skilyrtri ákvörðun skv. 4. mgr. 7. gr.

2. Láti hlutaðeigandi aðildarríki hjá líða, þrátt fyrir ítrekun, að afhenda ársskýrslu er framkvæmdastjórninni heimilt að gera ráðstafanir í samræmi við ákvæði 18. gr. varðandi viðkomandi aðstoðarkerfi.

22. gr.

## Eftirlit á vettvangi

1. Hafi framkvæmdastjórnin verulegar efasemdir um að ákvörðunum um að hreyfa ekki andmælum, jákvæðum ákvörðunum eða skilyrtum ákvörðunum með tilliti til stakrar aðstoðar sé hlítt ber hlutaðeigandi aðildarríki, eftir að hafa verið gefinn kostur á að leggja fram athugasemdir sínar, að heimila framkvæmdastjórninni að efna til eftirlitsvitjana á vettvangi.

2. Embættismenn, sem framkvæmdastjórnin viðurkennir, skulu hafa umboð, í því skyni að sannreyna að viðkomandi ákvörðun sé hlítt, til þess að:

- a) fara inn á athafnasvæði og lóðir hlutaðeigandi fyrirtækis,
- b) fara fram á munnlegar skýringar á staðnum,
- c) rannsaka bókhald og önnur viðskiptaskjöl og taka eða fara fram á afrit.

Framkvæmdastjórninni er heimilt að njóta aðstoðar óháðra sérfræðinga ef nauðsyn krefur.

3. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna hlutaðeigandi aðildarríki, skriflega og með góðum fyrirvara, um fyrirhugaða eftirlitsvitjun á vettvangi og segja deili á viðurkenndu embættismönnum og sérfræðingum. Andmæli aðildarríkið vali framkvæmdastjórnarinnar á sérfræðingum með tilhlýðilegum rökstuðningi ber að komast að samkomulagi við aðildarríkið um tilnefningu þeirra. Embættismenn framkvæmdastjórnarinnar og sérfræðingar með umboð til eftirlits á vettvangi skulu framvísa skriflegu leyfi þar sem fram kemur tilefni og tilgangur vitjunarinnar.

4. Embættismönnum með umboð aðildarríkisins sem ræður yfir því svæði þar sem eftirlitsvitjun er fyrirhuguð er heimilt að vera viðstaddir eftirlitsvitjunina.

5. Framkvæmdastjórnin skal láta aðildarríkinu í té afrit af öllum skýrslum sem eru gerðar í kjölfar eftirlitsvitjunarinnar.

6. Andmæli fyrirtæki eftirlitsvitjun, sem er fyrirskipuð með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt þessari grein ber hlutaðeigandi aðildarríki að veita embættismönnum og sérfræðingum með umboð framkvæmdastjórnarinnar nauðsynlega aðstoð til að fara í eftirlitsvitjunina. Aðildarríkinu ber, í þessu skyni og að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina, að gera nauðsynlegar ráðstafanir innan 18 mánaða frá því að reglugerð þessi öðlast gildi.

23. gr.

## Ákvörðunum og dómsúrskurðum ekki hlítt

1. Hlíti hlutaðeigandi aðildarríki ekki skilyrtum eða neikvæðum ákvörðunum, einkum í tilvikum sem um getur í 14. gr., er framkvæmdastjórninni heimilt að vísa málinu beint til dómstóls Evrópubandalaganna í samræmi við 2. mgr. 93. gr. sáttmálans.

2. Telji framkvæmdastjórnin að hlutaðeigandi aðildarríki hafi ekki hlítt úrskurði dómstóls Evrópubandalaganna getur hún fylgt málinu eftir í samræmi við 171. gr. sáttmálans.

## VIII. KAFLI

## SAMEIGINLEG ÁKVÆÐI

24. gr.

## Þagnarskylda

Framkvæmdastjórninni og aðildarríkjnum, embættismönnum þeirra og öðrum opinberum starfsmönnum, þar með töldum óháðum sérfræðingum sem framkvæmdastjórnin tilnefnir, er óheimilt að láta öðrum í té upplýsingar sem þeir hafa fengið við beitingu ákvæða þessarar reglugerðar og sem falla undir þagnarskyldu.

25. gr.

## Viðtakandi ákvarðana

Ákvörðunum, sem eru teknar samkvæmt II., III., IV., V. og VII. kafla, skal beint til hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórninni ber að tilkynna hlutaðeigandi aðildarríki um þær án tafar og gefa því tækifæri til þess að benda framkvæmdastjórninni á hvaða upplýsingar það telur falla undir þagnarskyldu.

26. gr.

**Birting ákvarðana**

1. Framkvæmdastjórnin skal birta samantekt í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* um þær ákvarðanir sem hún tekur skv. 2. og 3. mgr. 4. gr. og 18. gr. svo og 1. mgr. 19. gr. Í samantektinni komi fram að unnt sé að fá afrit af ákvörðuninni á tungumáli eða tungumálum frumútgáfunnar.

2. Framkvæmdastjórnin skal birta í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* þær ákvarðanir, sem hún tekur skv. 4. mgr. 4. gr., á tungumáli frumútgáfunnar. Í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*, sem eru birt á öðrum tungumálum en á tungumáli frumútgáfunnar, mun fylgja útgáfunni á frummálinu ítarleg samantekt á tungumáli viðkomandi *Stjórnartíðinda Evrópubandalaganna*.

3. Framkvæmdastjórnin skal birta í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* þær ákvarðanir sem hún tekur skv. 7. gr.

4. Í þeim tilvikum, þar sem ákvæði 6. mgr. 4. gr. eða 2. mgr. 8. gr. gilda, skal birta stutta tilkynningu í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

5. Ráðið getur, með samhljóða samþykki, ákveðið að birta ákvarðanir, samkvæmt þriðju undirgrein 2. mgr. 93. gr. sáttmálans, í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

27. gr.

**Framkvæmdarákvæði**

Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 29. gr., hafa umboð til þess að samþykkja framkvæmdarákvæði um framsetningu, efni og önnur formsatriði er lúta að tilkynningum, framsetningu, efni og önnur formsatriði er lúta að ársskýrslum, formsatriði er lúta að frestum og útreikningi fresta og um vextina sem um getur í 2. mgr. 14. gr.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. mars 1999.

28. gr.

**Ráðgjafarnefnd um ríkisaðstoð**

Koma ber á fót ráðgjafarnefnd um ríkisaðstoð (hér á eftir kölluð „nefndin“). Hún skal skipuð fulltrúum aðildarríkjanna undir formennsku fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar.

29. gr.

**Samráð við nefndina**

1. Framkvæmdastjórninni ber að hafa samráð við nefndina áður en hún samþykkir framkvæmdarákvæði skv. 27. gr.

2. Samráð við nefndina skal fara fram á fundi sem framkvæmdastjórnin boðar til. Drög og skjöl, sem fjalla á um, skulu fylgja fundarboði. Fundurinn skal haldinn í fyrsta lagi tveimur mánuðum eftir að fundarboð var sent. Heimilt er að stytta þann tíma ef um bráðatilvik er að ræða.

3. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitinu á drögnum innan þeirra tímamarka sem formanni er heimilt að setja eftir því hversu brýnt málið er, með atkvæðagreiðslu ef þörf krefur.

4. Álitid skal skráð í fundargerð; þar að auki hefur hvert aðildarríki rétt til að láta bóka afstöðu sína í fundargerðina. Nefndin getur lagt til að álitid verði birt í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

5. Framkvæmdastjórnin skal taka ítrasta tillit til álits nefndarinnar. Henni ber að greina nefndinni frá því með hvaða hætti álit hennar var haft til hliðsjónar.

30. gr.

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Fyrir hönd ráðsins,

G. VERHEUGEN

forseti.